

6. & 7. MARS
2025

HARPA
ELDBORG



Afmælistónleikar Sinfóníunnar

VÍKINGUR LEIKUR BEETHOVEN



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Hátíðarforleikur: 2'

Darraðarljóð: 8'

Píanókonsert: 39'

Hetjulíf: 47'

Tónleikunum 7. mars er sjónvarpað beint á RÚV
og útvarpað á Rás 1 sunnudaginn 9. mars kl. 16:05.



Víkingur leikur Beethoven

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 6. & 7. MARS

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen

hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson

einleikari

Kór Hallgrímskirkju

Kór Langholtskirkju

Steinar Logi Helgason

Magnús Ragnarsson

kórstjórar

Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir

Glaðaspraða, hátíðarforleikur (2025, frumflutningur)

Jón Leifs

Darraðarljóð op. 60 (1964, frumflutningur)

Ludwig van Beethoven

Píanókoncert nr. 5 í Es-dúr, op. 73 (1809)

Allegro

Adagio un poco moto

Rondo: Allegro, ma non troppo

Hlé

Richard Strauss

Hetjulíf (Ein Heldenleben), op. 40 (1898)

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en/sinfonia.is



Frá fyrstu tónleikum
Sinfóníuhljómsveitar Íslands
í Austurbæjarbíói 9. mars
1950. Stjórnandi var Róbert
Abraham Ottósson.

Halla Tómasdóttir

FORSETI ÍSLANDS

Fyrir 75 árum hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands sína fyrstu tónleika í Austurbæjarbíói. Á efnisskránni voru verk eftir Beethoven, Bartók, Haydn og Schubert. Þessi þjóð sem þá taldi tæplega 145.000 sálir gat loks stært sig af því að standa menningarlega jafnfætis mun stærri þjóðum, með starfandi sinfóníuhljómsveit. Tæpum tveimur mánuðum síðar hélt hljómsveitin aðra tónleika sína við opnun Þjóðleikhússins. Þannig varð árið 1950 lykilár í menningarsögu Íslendinga.

Frá fyrstu tónleikum hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands haldið úti tónleikadagskrá sem nær frá gullmolum klassískrar tónlistar til eftirtektarverðra samtímaverka. Hljómsveitin hefur gegnum tíðina haldið tónleika með heimspekkum einleikurum, stjórnendum og tónskáldum sem hafa styrkt ímynd hennar hér heima og erlendis. Þannig hefur hljómsveitin fært íslensku þjóðinni nýjan hljóðheim með flutningi sínum hér á landi, en hún hefur líka ferðast víða og tekið þátt í fjölmörgum innlendum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem hafa skapað tækifæri til að kynna íslenska listamenn og tónlist fyrir stórum hópi áheyrenda.

Það er erfitt að ímynda sér íslenskt menningarlíf án þessarar þjóðargersemar og ómögulegt að gera sér í hugarlund hvernig tónlistarlíf hér hefði próast án hennar áhrifa. Myndum við sitja hér í Hörpu ef ekki hefði legið fyrir sú þörf að byggja hljómsveitinni heimili við hæfi? Myndi íslensk þjóð hafa alið af sér tónlistarfólk á borð við Víking Heiðar, Önnu Þorvaldsdóttur og Daníel Bjarnason, svo fáein dæmi séu tekin, ef þau hefðu ekki alist upp við þá menningar- og tónlistarlegu fyrirmynd sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur verið í 75 ár?



Sinfóníuhljómsveit Íslands er svo miklu meira en venjubundnir tónleikar á hverju fimmtudagskvöldi. Hún er öflugasti boðberi klassískrar tónlistar á Íslandi og gegnir þannig mikilvægu hlutverki í tónlistarfræðslu og eflir áhuga á klassískri tónlist. Hljómsveitin hefur á undanförunum árum leitast við að byggja brýr til fjölmargra hópa, ungs fólks og fullorðinna, til að greiða þeim leiðina að klassískri tónlist og færa heim sanninn um að klassíkin er sannarlega okkar allra.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er jafnframt ómetanlegur vettvangur fyrir nýsköpun í tónlist eins og glögglega má sjá ef farið er yfir tónleikadagskrá hljómsveitarinnar. Aðgengi að sinfóníuhljómsveit færir okkur lífsgæði. Tónlist auðgar andann, fær þig til að gleyma stað og stund og eykur þannig vellíðan. Sjálf á ég það til að lygna aftur augunum á tónleikum og leyfa tónunum að leita inn á við þar sem þeir leika á allt tilfinningarófið. Tónlistin talar öll tungumál og þarfnast ekki túlks til að koma áhrifum sínum til skila.

Ég óska Sinfóníuhljómsveit Íslands til hamingju með sín fyrstu 75 ár og treysti því að hljómsveitin muni halda áfram að vaxa, veita ánægju og innblástur næstu 75 árin hið minnsta!

Halla Tómas

Logi Einarsson

MENNINGAR-, NÝSKÖPUNAR- OG HÁSKÓLARÁÐHERRA

Sinfóníuhljómsveit Íslands fagnar nú 75 ára afmæli með glæsilegri afmælisdag-skrá. Þar endurspeglast listrænn metnaður hljómsveitarinnar og ekki síður áherslan á að starf hennar sé fyrir okkur öll. Það hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með því hvernig starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands miðar sífellt meira að því að ná til sem flestra í samfélaginu okkar. Dagskráin er fjölbreytt og sniðin að áhuga og þörfum mismunandi hópa; hvort sem það er kvikmyndatónlist, popptónlist eða sjálf klassíkin. Þar að auki hefur Sinfónían opnað faðm sinn fyrir fjölbreyttri flóru tónlistar-fólks eins og kórum, rokkhljómsveitum og ekki síst börnum. Í því samhengi fagna ég sérstaklega öfluggu fræðslustarfi hljómsveitarinnar sem miðar ekki síst að því að kveikja tónlistaráhuga yngri kynslóðanna. Áhuga sem getur borið ríkulegan ávöxt eins og sigurför íslensks tónlistarfólks um heiminn hefur sýnt á undanförnum áratugum.

Við Íslendingar erum lánsamir fyrir þann metnað sem ætíð hefur einkennt Sinfóníuhljómsveit Íslands og stjórnendur hennar. Hljómsveitin er eftirsóttur starfsvettvangur fyrir úrval íslenskra og erlendra tónlistarmanna og helstu einleikarar og hljómsveitarstjórar heims sækjast eftir að starfa með henni. Það er því engin tilviljun að Sinfóníuhljómsveit Íslands hafi ítrekað vakið athygli á alþjóðavettvangi. Tilnefning hennar til Grammy-verðlauna árið 2020 fyrir flutning á íslenskri samtímatónlist var enn ein staðfestingin á því að hljómsveitin er í fremstu röð á heimsvísu.

Í 75 ár hefur Sinfóníuhljómsveitin veitt okkur innblástur, snert þjóðarsálina og vakið okkur til umhugsunar. Á þessum tíma hefur hljómsveitin vaxið og dafnað og hún stendur svo sannarlega undir nafni sem



mikilvægur hornsteinn íslenskrar tónlistarmenningar. Hún er lifandi afl í samfélaginu, hún miðlar til okkar fegurð og dýpt og tengir kynslóðir saman í gegnum tónlistina. Hún minnir okkur á að listirnar eru ekki munaður heldur nauðsyn.

Fyrir fyrstu tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem fram fóru fyrir troðfullu Austurbæjarbíói þann 9. mars 1950, ávarpaði Páll Ísólfsen tónskáld mannfjöldann. Í máli sínu lagði hann áherslu á að hljómsveitinni yrði tryggður öruggur fjárhagsgrundvöllur svo að starfsemi hennar gæti haldið áfram. Tónleikagestir voru á sama máli að tónleikum loknum, „hrifning tilheyrenda var geysileg“ eins og sagði í Morgunblaðinu daginn eftir, enda öllum ljóst hversu stórt skref hafði verið stigið. „Hefur aldrei áður heyrst svo stór og fullkomin íslensk hljómsveit hér.“ Þessi orð eru jafn sönn í dag og þau voru þá.

Kæru tónlistarunnendur, kæru hljóðfæraleikarar, stjórnendur og starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands – til hamingju með þennan merka áfanga! Megi næstu 75 ár markast af þeim metnaði, fagmennsku og fegurð sem hefur verið einkenni hljómsveitarinnar: allt frá Austurbæjarbíói til Eldborgar.

Heiða Björg Hilmisdóttir

BORGARSTJÓRI Í REYKJAVÍK

Kæri tónleikagestur.

Mig langar að óska Sinfóníuhljómsveit Íslands og landsmönnum öllum innilega til hamingju með þennan merka áfanga í menningarsögunni okkar. Sjötíu og fimm ár eru svo sannarlega virðulegur aldur og ber Sinfóníuhljómsveitin okkar hann vel – síung og kraftmikil. Elja og dugnaður einkennir Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur gert allt frá því að hún kom fyrst saman sem lítil sveit áhugafólks á tónleikum í Austurbæjarbúi árið 1950. Í dag er Sinfóníuhljómsveit Íslands metnaðarfull atvinnuhljómsveit á heimsmælikvarða sem þreytist ekki á að leika fyrir okkur helstu perlur klassískrar tónlistar og um leið fara nýjar og frumlegar leiðir í flutningi fjölbreyttra verka með fremsta listafólki heims, innlendu sem erlendu.

Það er dýrmætt fyrir litla höfuðborg að geta boðið upp á jafngróskumikið tónlistar- og menningarlíf og raun ber vitni í Reykjavík. Við höfum ætíð lagt ríka áherslu á að í Reykjavík séu framúrskarandi aðstæður til listsköpunar og að hér sé eftirsóknarvert og gott fyrir listafólk að búa. En það á líka að vera gott að búa í Reykjavík fyrir okkur listunnendur sem sækjumst eftir kröftugu og metnaðarfullu lista- og menningarlífi. Þar gegnir Sinfóníuhljómsveit Íslands lykilhlutverki. Hún auðgar og bætir líf borgarbúa og þeirra sem hingað koma.



Sinfóníuhljómsveit Íslands gegnir einnig lykilhlutverki í menningaruppeldi barna því hún rekur öflugt fræðslustarf og býður reykvískum börnum upp á fjölbreytta fræðsludagskrá sem skapar ógleymanlega upplifun og styrkir tónlistaruppeldi þeirra. Jafnframt gefur hún ungu tónlistarfólki tækifæri til að spila með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins. Þetta er ómetanlegt og er ég þakklát fyrir þetta.

Ég vona svo sannarlega að Sinfóníuhljómsveit Íslands haldi áfram að vaxa og dafna hér eftir sem hingað til og veiti okkur gleði og innblástur um ókomin ár.

Innilega til hamingju – við öll – með 75 ára afmæli Sinfó.

Heiða Björg Hilmisdóttir



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2020 og er fyrsta konan sem gegnir þeirri stöðu. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 snéri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar. Fyrsta hljómplata SÍ undir stjórn Evu, með verkum eftir Önnu Þorvaldsdóttur, kom út í hittifyrri hjá Sono Luminus og á liðnu ári kom svo plata með hljómsveitarverkum Báru Gísladóttur sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Meðal annars valdi tímaritið *New Yorker* hana eina athyglisverðustu útgáfu ársins.

Eva Ollikainen hefur stjórnað virtum hljómsveitum víða um heim, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden, Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC), Fílharmóníusveitinni í Los Angeles og Sinfóníuhljómsveitinni í Tokyo. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi í Semperoper í Dresden og við óperuhúsin í Kaupmannahöfn, Gautaborg, Stokkhólmi og Helsinki.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóra-akademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómsveitinni.



Víkingur Heiðar Ólafsson

EINLEIKARI

Það er orðinn næstum aldarfjórðungur síðan Víkingur Heiðar Ólafsson steig fyrst á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og á þeim tíma hefur hann haslað sér völl sem einn eftirsóttasti píanóleikari heims. Hljóðritunum hans, sem koma út á vegum Deutsche Grammophon, hefur verið streymt af milljónum manna og þær hafa unnið til viðurkenninga eins og Opus Klassik verðlaunanna í Þýskalandi, verðlauna *BBC Music Magazine* og nú síðast Grammy-verðlauna. Víkingur hefur margsinnis hreppt Íslensku tónlistarverðlaunin, tímaritið *Gramophone* útnefndi hann listamann ársins 2019 og árið 2022 hlaut hann hin virtu Rolf Schock verðlaun sem Konunglega sænska vísindaakademían veitir.

Í fyrra helgaði Víkingur allt starfsárið einu tónverki, *Goldberg-tilbrigðunum* eftir Johann Sebastian Bach, sem hann flutti á næstum hundrað tónleikum um veröld víða við fádæma undirtektir. Á yfirstandandi starfsári er hann staðarlistamaður í Tonhalle í Zürich og hjá Konunglegu fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi auk þess að vera Künstler im Fokus (Listamaður í brennidepli) í Musikverein í Vínarborg. Hann hefur í vetur leikið einleik með Cleveland-hljómsveitinni, Fílharmóníusveit Lundúna og Tonhalle-hljómsveitinni og í janúar frumflutti hann nýjan píanókonsert eftir John Adams, *After the Fall*, með Sinfóníuhljómsveitinni í San Francisco. Þá hafa þau Víkingur og Yuja Wang heillað áheyrendur austan hafs og vestan með flutningi sínum á verkum fyrir tvö píanó, en í vor leggur Víkingur einsamall í tónleikaferðalag þar sem hann leikur þrjár síðustu píanósónötur Beethovens í ýmsum helstu tónleikasölum Evrópu og Bandaríkjanna.

Kórar Hallgrímskirkju og Langholtskirkju

Kór Hallgrímskirkju var stofnaður haustið 2021 og telur nú um 60 manns. Kórinn hefur frá stofnun tekið þátt í helgihaldi í Hallgrímskirkju ásamt því að sinna tónleikahaldi og upptökum. Hann leggur mikið upp úr flutningi á íslenskri kórtónlist og stuðlar að nýsköpun með frumflutningi nýrra tónverka. Á síðasta starfsári flutti hann til dæmis ný verk eftir Báru Grímsdóttur, Finn Karlsson, Hreiðar Inga Þorsteinsson og Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur. Kórinn hefur átt í gjöfulu samstarfi við Barokkbandið Brák og staðið með því fyrir flutningi á verkum eftir Bach, Telemann, Haydn og Mozart. Kór Hallgrímskirkju kom fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn í október 2023, á tónleikum sem helgaðir voru verkum Önnu Þorvaldsdóttur og hlutu mikið lof.

Steinar Logi Helgason lærði á píanó í Tónmenntaskóla Reykjavíkur, Nýja Tónlistarskólanum og í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hann hóf nám í Tónskóla Þjóðkirkjunnar árið 2010 og tók þar kirkjuorganistapróf en lauk síðar bakkalárgráðu af kirkjutónlistarbraut Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Björns Steinars Sólbergssonar. Steinar Logi stundaði stjórnandanám til meistaraþrófs við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn og útskrifaðist þaðan í lok árs 2020. Hann hefur stjórnað ýmsum kórum og starfað víða sem organisti, píanóleikari og stjórnandi. Hann var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2021 ásamt Cantoque Ensemble sem tónlistarhópur ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar. Steinar Logi tók við stöðu kórstjóra Hallgrímskirkju haustið 2021.

Kór Langholtskirkju var stofnaður árið 1953 og hefur allar götur síðan getið sér gott orð fyrir flutning á stórum, klassískum verkum úr tónlistarsögunni, þar sem meistaraverk Bachs hafa verið í öndvegi. Á undanförunum árum hefur kórinn jafnframt einbeitt sér að söng án undirleiks og meðal annars flutt kórkonsert Schnittkes og *Náttsöngva* Rakhmanínovs, auk þess sem hann tók þátt í hinni virtu kórakeppni *Florilège Vocal de Tours* árið 2019. Kór Langholtskirkju hefur ætíð lagt mikið upp úr því að flytja ný, íslensk verk. Af þeim má nefna *Guðbrandsmessu* sem Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi fyrir kórinn í tilefni 50 ára afmælis hans og kom út á hljómdiski árið 2008. Kórinn hefur á ferli sínum gefið út margar aðrar plötur, svo sem *Jóhannesarpassíuna* eftir Bach (1987), *Barn er oss fætt* (1991), *An Anthology of Icelandic Choir Music* (1993), *Ísland er lýðveldi* (1994), og *Land míns föður* (1997).

Magnús Ragnarsson stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík, Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Tónlistarháskólann í Gautaborg. Þá stundaði hann framhaldsnám í kórstjórn hjá Stefan Parkman við Háskólann í Uppsöllum. Magnús starfar sem organisti í Langholtskirkju og stjórnar Kór Langholtskirkju. Hann stjórnar jafnframt Söngsveitinni Fílharmóníu og kennir kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Listaháskóla Íslands. Magnús hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands með kórum sínum og unnið til verðlauna í kórakeppnum í Tours í Frakklandi, Llangollen í Wales, Arezzo á Ítalíu og í Béla Bartók-keppninni í Ungverjalandi þar sem hann hreppti sérstök verðlaun fyrir besta flutning á nútímaverki. Magnús var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2015 fyrir flutning á *Þýskri sálumessu* eftir Brahms og árið eftir var hljómdiskur kammerkórsins Melodiu undir hans stjórn tilnefndur sem plata ársins.



Konsertmeistari er leiðtogi
hljómsveitarinnar allrar, jafnt inn
á við sem út á við. Björn Ólafsson
gegndi þeirri stöðu fyrstu 22 árin
sem Sinfóníuhljómsveit Íslands
starfaði.



Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir

GLAÐASPRÆÐA, HÁTÍÐARFORLEIKUR

Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir (f. 1990) stundaði tónsmíðanám við Listaháskóla Íslands hjá Hróðmari Inga Sigurbjörnssyni og Önnu Þorvaldsdóttur. Hún lauk BA-gráðu árið 2016 og dvaldist í framhaldi af því vetrarlangt í Bretlandi í starfsnámi hjá Önnu. Ingibjörg Ýr tók þátt í tónskáldastofu Yrkju, samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, og samdi þá hljómsveitarverkið *O* sem var frumflutt á tónleikum sveitarinnar 1. febrúar 2019. Hljómsveitin hefur síðan frumflutt verkin *Pons Papilloma* (2022) og *Balaena* (útgáfa fyrir sinfóníuhljómsveit, 2025) og nú er komið að hátíðarforleiknum *Glaðaspræðu*.

Ingibjörg Ýr segir þetta um verkið:

„Þegar ég var beðin um að semja hátíðarforleik í tilefni af 75 ára starfsafmæli Sinfóníuhljómsveitar Íslands fór ég strax að hugsa um tímamót og fögnuð. Ég ákvað að leyfa mér að fara alla leið þangað; það var kærkomið eftir viðfangsefni undanfarinna ára sem hafa oft verið trúamatískir atburðir úr eigin lífi. Semsagt: Eitthvað ekki of flókið, bara gleði. Nafnið *Glaðaspræða* festist strax við verkið en það er fengið úr barnabókinni *Kva es þak?* eftir Carson Ellis (e. *Du Iz Tak?*). Þar er lýst ári í lífi ýmissa smádýra sem öll tala bullmál (eða skordýramál?) sem Sverrir Norland þýðir listilega. Í bókinni gera nokkrir einstaklingar sér heimili á plöntu þegar fer að vora og um sumarið springur út á henni stórt og fallett blóm. Þá hrópa öll: „*Glaðaspræða!!*“ — svo líklega er það blóm á skordýramáli (eða allavega eitthvað æðislegt). *Glaðaspræðan* mín er, eða átti að vera, ofurglaðleg, smá banal og alls ekkert stress, bara stemning. — Til hamingju með afmælið, elsku frábæra hljómsveit, og takk fyrir að leyfa mér að vera hluti af gleðinni.“



TÓNLISTIN OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Þetta er frumflutningur Darraðarljóða. Sinfóníu-
hljómsveit Íslands hefur
frumflutt ýmis önnur
verk Jóns Leifs, svo sem
Landsýn (1962), Geysi
(1984), Hafís (1999) og Eddu
II (2018) – tvö síðasttöldu
verkin með kammerkórnum
Schola Cantorum.

Jón Leifs

DARRAÐARLJÓÐ

Íslenskar fornbókmenntir veittu Jóni Leifs (1899–1968) innblástur alla starfsævi hans. Þekkt er *Sögusinfónían*, þar sem kaflarnir fimm heita eftir þekktum persónum úr Íslendingasögum, en eddukvæði voru Jóni ekki síður hugfólgin. Í einu af elstu verkum sínum, frá 1924, tónsetur hann þrjár vísur úr Hávamálum, og þegar kom fram á fjórða áratuginn hófst hann handa við óratóriuna *Eddu* og lauk fyrsta hluta hennar, Sköpun heimsins, í ársbyrjun 1939. Rúm tuttugu ár liðu þar til raunverulegt framhald varð á smíðinni; annar hluti, Líf guðanna, var fullgerður árið 1966 en Jón lést frá lokahlutanum, Ragnarökum. *Edda* er sannkallað stórvirki, allir hlutar hennar langar og viðamiklar tónsmíðar. Samhliða vinnunni við seinni tvo hlutana, samdi Jón fleiri verk tengd fornbókmenntum en smærri í sniðum. Eitt af þeim er *Darraðarljóð*, samið fyrir blandaðan kór og hljómsveit með rausnarlegu slagverki. Textinn er kvæði undir edduhætti sem kemur fyrir undir lok *Njáls sögu* og því má segja að það brúi bilið milli Íslendingasagna og eddukvæða.

Í sögunni segir frá því að á föstudaginn langa, sama dag og Brjánsbardagi er háður á Írlandi (árið 1014), verður sá atburður á Katanesi í Skotlandi að maður, sem nefndur er Dörruður, gengur út og sér tólf menn ríða til dyngju einnar og hverfa þar inn. Hann fer á eftir þeim og leggst á glugga dyngjunnar. Inni sér hann konur sem hafa fært upp vef sem gerður er úr hauskúpum og þörmum manna. Þær kveða vísur sem hafa fengið heitið Darraðarljóð þótt kvæðið sé nafnlaust í sögunni. Í því er blóðugri orrustu lýst frá sjónarhorni valkyrja sem fylgja ungum konungi, sigursælum. Tónverkið túlkar þessa sýn í æsilegum rokem. Tónmálið er kunnuglegt úr öðrum verkum Jóns frá sama tíma, ekki síst þáttunum Valkyrjur og Einherjar í *Eddu II*; stíllinn hogginn, með sterkum áherslum, fimmundir og áttundir áberandi í hljómfærslu ásamt sjöundarstökkum, og raddsvið mannsraddarinnar panið til hins ítrasta.

Darraðarljóð er að finna á bls. 28.



TÓNLISTIN OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Alls hafa 20 píanóleikarar spreytt sig á konsertinum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, þ. á m. nokkrir af helstu píanistum 20. aldarinnar. Árni Kristjánsson reið á vaðið í Þjóðleikhúsinu 1955 undir stjórn Olavs Kjelland, en af öðrum einleikurum má nefna Vladimir Ashkenazy (1965 og 1970), Stephen Kovacevich (1969 og 1978), Emil Gilels (1976), Pascal Rogé (1983), Freddy Kempf (2004), John Lill (2007) og Víking Heiðar Ólafsson sem lék konsertinn fyrst með hljómsveitinni á tvennum tónleikum í nóvember 2012 undir stjórn Ilans Volkov.

Ludwig van Beethoven

PÍANÓKONSERT NR. 5

Ludwig van Beethoven (1770–1827) var í senn feiknagóður píanóleikari og framsækið tónskáld. Þegar hann var að alast upp hafði W. A. Mozart lyft hinum klassíska píanó-konserti í hæðir með hverju listaverkinu á fætur öðru og Beethoven lék ungur píanókonserta Mozarts á tónleikum, gjarnan með eigin kadensum. Hann gerði þegar á táningsaldri tilhlaup að því að semja sinn eigin konsert en fyrsta fullburða píanókonsertinn lék hann fyrir áheyrendur í Vínarborg árið 1795. Fjórir aðrir fylgdu í kjölfarið á næstu 14 árum. Beethoven frumflutti þá sjálfur, fyrir utan þann fimmta sem hann lauk við árið 1809. Þá hafði heyrn hans hrakað svo mjög að hann treysti sér ekki í einleikshlutverkið. Heyrnarskerðingin er trúlega einnig skýringin á því að sjötti píanókonsertinn varð aldrei að veruleika þótt Beethoven hefði lagt drög að honum.

Á dögum Mozarts var aðall píanókonsertsins *concertante*-umgjörðin, þar sem einleikshljóðfærið og hljómsveitin leika hvort á móti öðru og skiptast á um að vera í sviðsljósinu. Það er til marks um þá byltingu sem Beethoven stóð fyrir, að í hans síðasta píanókonsert eru þessi samskipti orðin átakameiri, ef til vill má segja að einleikari og hljómsveit rífast meira um athyglina. Þetta sést strax í upphafi. Einleikarinn kemur bratt inn í byrjun fyrsta þáttar, með eins konar einleikskadensu sem annars var venja að hafa undir lok þáttar. Hljómsveitin hrifsar hins vegar af honum frumkvæðið og kynnir fyrir okkur fyrsta þáttarins – og svo heldur reiptogið og stefjaúrvinnslan áfram á hugmyndaríkan hátt. Hér skiptir líka máli að Beethoven hafði, ekki síst í sífóníum sínum, stækkað hljómveröld hljómsveitarinnar á ýmsa kanta, svo hún var orðin mjög öflugur mótaleikari píanistans.

Beethoven samdi fimmta píanókonsertinn meðan herir Napóleons sigu inn í Austurríki og settust um Vínarborg. Hann hafði á árum áður hrifist af byltingaranda Napóleons en það olli honum miklum vonbrigðum að uppreisnarmaðurinn skyldi svo enda með að krýna sjálfan sig keisara. Það er því ólíklegt að Beethoven hefði samþykkt það heiti sem þessi píanókonsert gengur oft undir – Keisarakonsertinn – en með því er vísað til þess krafts og glæsileika sem einkennir verkið.



Richard Strauss

HETJULÍF

TÓNLISTIN OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Þetta er í fimmta sinn sem Sinfóníuhljómsveitin leikur Hetjulíf. Petri Sakari stjórnaði flutningi verksins árið 1993 og Rumon Gamba árið 2004. Í Eldborg hljómaði verkið fyrst í nóvember 2017 þegar Dima Slobodeniouk hélt um tónsprotann og aftur í mars 2022 undir stjórn Juanjo Mena.

Richard Strauss (1864–1949) var, líkt og Beethoven, nýjungagjarnt tónskáld og leitaði leiða til að færa út mörk tónlistarforma. Tvennt er það einkum sem heldur rykti hans á lofti: óperurnar, sem urðu alls 15 og ganga margar jafnt og þétt í óperuhúsum heimsins – og tónaljóðin. Þau eru miklar sinfónískar smíðar sem einkennast af hugmyndaauðgi samfara þaulhugsaðri útfærslu, þar sem leikið er með þau óteljandi blæbrigði sem kalla má fram úr hljóðfærum heillar sinfóníuhljómsveitar. Tónaljóðin eru að því leyti skyld óperunum að þeim er ætlað að færa eins konar frásögn í tónlistarbúning. Í sumum tónaljóðunum styðst Strauss við bókmenntaverk (t.d. *Macbeth*, *Don Juan* og *Don Kíkóta*) en í öðrum liggja óhlutbundnari hugmyndir að baki tónlistinni. Þannig er það í *Hetjulífi* þar sem Strauss reynir að fanga hlutskipti listamanns. Verkið hefur í aðra röndina ævisögulega skírskotun sem kemur skýrast fram í því að tónskáldið vitnar óspart í eigin verk. Þetta, í viðbót við nafngiftina, þótti ýmsum bera vott um bólgið sjálfsálit hins hálfertuga tónskálds, en það má líka velta fyrir sér hvort ekki örli jafnframt á húmor og sjálfsírónu í þessari lýsingu á þroskaferli listamanns.

Verkið skiptist í sex undirkafla en er leikið án hlés, ef frá er talin áhrifamikil þögn eftir upphafskaflann. Strauss gaf undirköflunum á sínum tíma lýsandi yfirskriftir, en snérist svo hugur og vildi ekki hafa þær með í prentuðum útgáfum verksins. Í fyrsta kafla er vígreif hetjan kynnt til sögu þegar horn og selló leika stef sem á eftir að koma oftar fyrir í ýmsum myndum. Í næsta kafla eru andstæðingum hetjunnar gerð skil; þar mynda blásturshljóðfæri ósamtaka kór nöldurseggja, sem að einhverju leyti standa fyrir þá gagnrýnendur sem velgdu Strauss undir uggum – hann lætur tvær túbur t.a.m. spila stef andlausra úrtölumanna í fimfundum! Þriðji kafla er helgaður ástinni þar sem einleiksfiðla túlkar yndisleik (og kannski líka kenjar) hinnar elskuðu og tónlistin þróast svo yfir í bjarta hyllingu ástarunaðarins. Við hrökkvum upp úr draumnum þegar trompetar gjalla utan sviðs og komið er að átakamesta hluta verksins, sem Strauss gaf yfirskriftina Vígvöllur hetjunnar. Þarna birtast andstæðingarnir aftur, marserandi, og hetjan þarf að ganga á hólm við þá með elskuna sér til fulltingis. Þau hafa betur og í sigrinum hljómar upphafsstef hetjunnar tignarlega. Í kjölfarið útmálar Strauss það sem hann kallar friðarverk hetjunnar og þar ber einmitt mikið á tilvitnunum hans í eigin verk, en í lokakaflanum koma allir þræðir verksins saman: í gegnum reynslu sína og átök hefur listamaðurinn komist til sjálfsskilnings og fullnægju.

Svanhildur Óskarsdóttir



Ágrip af sögu Sinfóníuhljómsveitar Íslands í 75 ár



**Sinfóníuhljómsveit Íslands
á tónleikum í Þjóðleikhúsinu
3. desember 1950.**

Stjórnandi: Hermann Hildebrandt.
Ljósmyndari: Sigurhans Vignir

Á sínum fyrstu 75 árum hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands, þjóðarhljómsveit Íslendinga, vaxið og eflst að þrótti. Vitanlega var samfélagið fábreyttara, þegar sveitin hélt sína fyrstu tónleika í Austurbæjarbíói 9. mars 1950, en í dag. Því er ekki úr vegi að líta yfir farinn veg og skoða hvað hljómsveitin hefur skilið eftir sig og rýna nánar í hin ýmsu hlutverk sem hún hefur sinnt í gegnum árin.

Grunnurinn að Sinfóníuhljómsveit Íslands byggðist á starfsemi Hljómsveitar Ríkisútvarpsins en sem slík hafði sveitin um langt árabil haft skyldur gagnvart útvarpinu. Þá sinnti hljómsveitin tónlistarflutningi í Þjóðleikhúsinu fyrstu tuttugu starfsár sín. Hljóðfæraleikararnir tóku þátt í barnasýningum og öðrum leiksýningum þegar svo bar undir, auk óperu- og óperettusýninga. Framan af taldi sveitin einungis um 40 hljóðfæraleikara en samt tókst henni að sinna tónleikahaldi – föstum tónleikum, barnatónleikum, vinnustaðatónleikum, útvarpsupptökum og tónlistarflutningi við ýmsar opinberar athafnir, að ógleymdum tónleikum í dreifbýli landsins.



Dr. Róbert Abraham Ottósson stjórnaði hljómsveitinni á fyrstu tónleikunum árið 1950 og er hann sá hljómsveitarstjóri sem oftast hélt um tónsprotann á fyrstu þremur áratugum hljómsveitarinnar án þess þó að vera fastráðinn. Austurríkismaðurinn dr. Victor Urbancic var hljómsveitarstjóri Þjóðleikhússins og vann þar sitt mikla starf við hverja óperuuppfærsluna af annarri uns hann lést langt fyrir aldur fram 1958. Á þessum fyrstu árum hljómsveitarinnar voru allar aðstæður erfiðar, hljómsveitin fámenn, ójöfn innbyrðis og hljóðfæraleikarar þurftu að vinna önnur störf samhliða hljómsveitarstarfinu. Samt tókst þessum tveimur mönnum að skapa ógleymanlegar stundir, jafnt fyrir hljómsveitarfólk og tónleikagesti.

Tónleikaferð út á land árið 1959. Sex hljóðfæraleikarar við uppvasi í eldhúsinu á Eiðum.

Frá vinstri: Jón Sigurðsson trompetleikari, Jóhannes Eggertsson sellóleikari, Ingvar Jónasson fiðluleikari, Björn Guðjónsson trompetleikari, Jósef Felzmann fiðluleikari og Jón Sigurðsson hornleikari. Ljósmyndari: Andrés Kolbeinsson

Fyrsti fastráðni aðalhljómsveitarstjórinn var Norðmaðurinn Olav Kielland en koma hans í ársbyrjun 1952 var bylting í hljómsveitarstarfinu. Hann innleiddi aga, hristi slenið af hljómsveitinni og kenndi fólki að vinna. Er hann mjög minnisstæður öllum þeim sem kynntust honum. Árið 1960 kynntist hljómsveitin pólska hljómsveitarstjóranum Bohdan Wodiczko. Hann stjórnaði hljómsveitinni nokkrum sinnum sem gestastjórnandi en var síðan ráðinn sem aðalhljómsveitarstjóri árin 1965–68 og aftur 1970–71. Wodiczko fór ekki troðnar slóðir heldur lagði þung og nýstárleg verk fyrir hljómsveitina og þjálfaði hana af einstakri natni í hinum ýmsu stíltegundum tónlistar. Eftir dvöl hans hafði sjóndeildarhringur hljómsveitarinnar víkkað svo um munaði.

Hér hefur verið getið þeirra hljómsveitarstjóra sem mótuðu hljómsveitina öðrum fremur á fyrstu þrjátíu árunum. Einn er þó sá hljómsveitarstjóri sem kemur mest við sögu á því tímabili en það er Páll Pampichler Pálsson. Hann var ráðinn 1. trompetleikari hljómsveitarinnar árið 1950 og gegndi því starfi í 10 ár. Líkt og hjá öðrum sinfóníuhljómsveitum var og er starf Sinfóníuhljómsveitar Íslands miklu víðtækara en að leika einvörðungu á stórum hljómleikum. Hér er átt við leikskólatónleika, skólatónleika, barna- og fjölskyldutónleika, vinnustaðatónleika, tónleika utan Reykjavíkur, hljóðritanir fyrir útvarp og sjónvarpsupptökur svo eitthvað sé nefnt. Fyrir allt þetta þurfti stjórnanda og var snemma farið að leita til Páls því að hann reyndist vandanum vaxinn. Voru Páli síðar falin stór viðfangsefni með hljómsveitinni og stjórnaði hann fjölda áskriftartónleika á langri starfsævi. Bernharður Wilkinson gegndi síðar starfi fasts stjórnanda hljómsveitarinnar frá 1999–2003.

Á áttunda áratugnum og í byrjun þess níunda urðu straumhvörf í sögu hljómsveitarinnar. Listahátíð í Reykjavík var stofnuð árið 1970, meðal annars fyrir tilstuðlan Vladimírs Ashkenazy sem þreytti frumraun sína sem hljómsveitarstjóri á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í desember 1971. Einleikari á tónleikunum var Daniel Barenboim en margir heimsfrægir listamenn áttu eftir að heimsækja hljómsveitina á næstu árum fyrir tilstuðlan Ashkenazys. Árið 1971 var einnig gerður samningur sem losaði hljómsveitina undan skyldum við Þjóðleikhúsið og þar með skapaðist loks rými fyrir sveitina til þess að starfa sem alvöru sinfóníuhljómsveit. Þá fór hljómsveitin í sína fyrstu utanlandsferð til Færeyja 1977 og fjórum árum síðar í mikla frægðarför til Austurríkis þar sem hún lék meðal annars í hinu fræga Musikverein tónlistarhúsi í Vínarborg. Í báðum þessum tónleikaferðum stóð Páll P. Pálsson á hljómsveitarstjórapalli.

Sinfóníuhljómsveit Íslands öðlaðist loks lagalegan rétt á Alþingi Íslendinga árið 1982.



Þann 22. apríl 1993 var tónverkið Lífun eftir Trúbrot flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói.

Á myndinni eru Magnús Kjartansson, Rúnar Júlíusson, Þorsteinn Eggertsson og Gunnar Þórðarson.

Ljósmyndari: Gunnar V. Andrésson



Hreinn Valdimarsson og Þórir Baldursson við hljóðritun í Háskólabíói 1993. Á sviðinu er Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Ljósmyndari: Þorvaldur Örn Kristmundsson

Hljómsveitin var komin á flug og hún hafði stækkað að höfðatölu þegar franskur hljómsveitarstjórinn Jean-Pierre Jacquillat tók við taumunum af Karsten Andersen árið 1978 og kom með nýja strauma inn í hljómsveitarstarfið. Hljómsveitin gat þá loks tekist á við stærri hljómsveitarverk. Reglulegir Vínartónleikar, sem enn eru mest sóttu tónleikar hljómsveitarinnar, hófu göngu sína 1981 enda fyllti hljómsveitin Háskólabíó og Laugardalshöll nokkrum sinnum með Vínartónleikum áður en Harpa kom til sögunnar. Árið 1985 fór hljómsveitin í Frakklandsferð með Jacquillat og til Grænlands með Páli P. Pálssyni.

Næsti aðalstjórnandi var Petri Sakari og enn urðu þáttaskil í sögu hljómsveitarinnar. Finnski skólinn hafði hafið innreið sína. Petri þokaði með elju sinni og einbeitti hljómsveitinni upp um nokkur þrep. Með honum fór hljómsveitin í sína fyrstu ferð til Finnlands, Svíþjóðar og Danmerkur. Á þessum árum var nýtt áskriftarform innleitt þar sem boðið var uppá áskrift að fjórum tónleikaröðum og magnafslátt af miðaverði. Þá var fyrsti hljómplötusamningurinn undirritaður við Chandos. Útgáfa fyrir alþjóðlegan markað kom Sinfóníuhljómsveit Íslands á heimskortið. Osmo Vänskä var aðalhljómsveitarstjóri frá 1993–96 og Petri Sakari aftur frá 1996–98 þegar Rico Saccani settist í brúna. Í tíð Osmos fór hljómsveitin í rómaða tónleikaferð til Bandaríkjanna þar sem meðal annars var leikið í Carnegie Hall í New York. Fjórum árum síðar eða aldamótaárið 2000 lék hljómsveitin aftur í þessum fræga sal og nú með Rico Saccani sem stjórnanda. Árið 2002 var hinn breski Rumon Gamba ráðinn aðalhljómsveitarstjóri. Starfaði hann með hljómsveitinni í átta ár, flutti meðal annars með henni allar 15 sinfóníur Shostakovitsj og fylgdi henni í fjórum tónleikaferðum til Evrópulanda.

Frá tónleikum Sinfóníuhljóm-
sveitar Íslands í Carnegie Hall
í New York árið 1996.





**Opnunartónleikar í Hörpu
4. maí 2011.**

Ljósmyndari: Ómar Óskarsson

Þann 4. maí 2011 rann svo stóra stundin upp þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu tónleika í Eldborg í Hörpu með Víking Heiðar Ólafsson sem einleikara og heiðursstjórnandann Vladimir Ashkenazy á hljóm-sveitarstjórappallinum. Fyrstu þrjú árin í Hörpu var Ilan Volkov aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníunnar og bryddaði hann uppá ýmsum nýjungum í verkefnavali og stýrði tónlistarhátíðinni Tectonics. Þá stjórnaði hann á tvennum tónleikum hljóm-sveitarinnar í Washington á Nordic Cool Festival í Kennedy Center árið 2013 og ári síðar í fyrstu heimsókn Sinfóníu-hljómsveitar Íslands á Proms tónlistarhátíð BBC í Royal Albert Hall í London. Yan Pascal Tortelier tók við stöðu aðal-hljómsveitarstjóra árið 2016 og skilur hann eftir sig marga minnisstæða tónleika, bæði í Hörpu sem og á tónleikum í Gautaborg þar sem Víkingur Heiðar Ólafsson var einleikari og á tónleikaferð til Bretlandseyja 2020.

Á árunum tveimur þar á undan fóru tveir mikilvægir persónuleikar í sögu Sinfóníunnar með henni í utanlands-ferðir. Árið 2018 fór hljómsveitin í sína fyrstu ferð til Japan og lék í tólf borgum undir stjórn heiðursstjórnanda síns Vladimirs Ashkenazy. Árið eftir fór Daníel Bjarnason, sem mörg undanfarin ár hefur vakið heimsathygli sem tónskáld og hljómsveitarstjóri, í ferð til Salzburg í Austurríki og þýsku borganna München og Berlínar.

Trúðurinn Barbara var kynnr á tónleikum Litla tónsprotans í Eldborg 2019 þar sem tónlistarævintýrið Pétur og úlfurinn var á dagskrá.



Síðast fór Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Bretlands í apríl 2023 og hélt tónleika í sjö borgum á Englandi, Skotlandi og í Wales. Hljómsveitarstjóri var Eva Ollikainen sem verið hefur aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi hljómsveitarinnar frá árinu 2020.

Á ferðum sínum erlendis hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands jafnan vakið athygli og hrifningu fyrir vandaðan leik. Þá hefur hljómsveitin á undanförnum tuttugu árum leikið inn á um 40 hljómdiska sem flestir hafa komið út hjá alþjóðlegum útgáfum og hlotið lof víða um heim, m.a. fengið tvær Grammy-tilnefningar. Þannig nær hljómsveitin til gífurlegs fjölda tónlistarunnenda.

Á 75 árum hefur stöðugur stígandi verið í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hið daglega starf hér heima er eftir sem áður miðpunktur í starfsemi hljómsveitarinnar. Auk reglulegs tónleikahalds, þar sem mikil fjölbreytni ríkir í verkefnavali, sinnir hljómsveitin mikilvægu fræðslustarfi og streymir völdum tónleikum, bæði á netinu og í útsendingum, til skóla á landsbyggðinni. Þá hefur hljómsveitin frá upphafi farið reglulega í tónleikaferðir innanlands og heimsótt sjúkrastofnanir og vinnustaði.

Frá árinu 2004 hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands staðið fyrir keppninni Ungir einleikarar í samstarfi við Listaháskóla Íslands, en sigurvegarar keppninnar fá að koma fram með hljómsveitinni á tónleikum. Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands var stofnuð árið 2009 og hefur vakið verðskuldaða athygli. Árlega tekur fjöldi ungmenna þátt í hljómsveitarnámskeiði en markmiðið með Ungsveitinni er að skapa tónlistarnemendum vettvang til að kynnast hinum sinfóníska heimi af eigin raun og njóta þjálfunar og leiðsagnar atvinnumannna í hljómsveitarleik. Að lokum er skylt nefna hljómsveitarstjóra-akademíuna sem tók til starfa árið 2020 en þar fá ungmenni kennslu í hljómsveitarstjórn undir leiðsögn núverandi aðalhljómsveitarstjóra, Evu Ollikainen.

Það er bjart yfir Sinfóníuhljómsveit Íslands, hljómsveit allra landsmanna, þegar hún fagnar 75 ára afmæli sínu og gengur stolt inn í framtíðina.

Sigurður Ingvi Snorrason.

Kórar Hallgrímskirkju og Langholtskirkju

KÓR HALLGRÍMSKIRKJU

SÓPRAN

Arndís Anna Kristínardóttir
Gunnarsdóttir
Arnhildur Lilý Karlsdóttir
Ásthildur Hanna Ólafsdóttir
Brynja Björk Baldursdóttir
Hallveig Rúnarsdóttir
Heiður Regn Einars
Jónína Guðrún Kristinsdóttir
Katla Kristjánsdóttir
Katrín Svava Másdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Momo Hayashi
Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir
Sigríður Dúna Sverrisdóttir
Sólveig Birna Júlíusdóttir
Þorgerður María Þorbjarnardóttir

ALT

Aoife O'Brien
Áslaug Thorlacius
Birna Helgadóttir
Brynhildur Auðbjargardóttir
Helena Stefánsdóttir
Hildur Ploder Vigfúsdóttir
Hulda Hjartardóttir
Kristín Haraldsdóttir
Lára Ruth Clausen
Lóa Katrín Biering
Margrét Helga Hjartardóttir
Ragnheiður María Benediktsdóttir
Svanhildur Óskarsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sveindís Sigríðar-Sveinsdóttir
Vala Bjarney Gunnarsdóttir

TENÓR

Ari Páll Kristinsson
Ágúst Arnórsson
Ebb Mohr Vang
Haukur Tómasson
Hákon Þrastar Björnsson
Hjalti Þór Þórsson
Kjartan Valgarðsson
Óskar Völundarson
Richard Greenwood Jr.
Símon Karl Sigurðarson Melsteð
Sölvi Rögnvaldsson
Þorbjörn Rúnarsson
Þorsteinn Björnsson

BASSI

Arnar Steinn Friðbjarnarson
Ásgrímur Ari Einarsson
Ástbjörn Haraldsson
Egill Pétursson
Eiríkur Stephensen
Fjöltnir Ólafsson
Fy Rambelo Manga
Gestur Svavarsson
Gunnar Björn Gunnarsson
Maríuson
Jón Halldór Gunnarsson
Júlíus Máni Sigurðsson
Sigurður Guðni Gunnarsson

Steinar Logi Helgason
kórstjóri

KÓR LANGHOLTSKIRKJU

SÓPRAN

Alda Úlfarsdóttir
Anne Keil
Ásdís Björg Gestsdóttir
Ásta Sigríður Arnardóttir
Hafdis Maria Matsdóttir
Hekla Karen Alexandersdóttir
Helena Marta Stefánsdóttir
Kistrún Friðriksdóttir
Sunna Sturludóttir

ALT

Arna Kristín Sigfúsdóttir
Björg Þórsdóttir
Eygló Höskuldsdóttir Viborg
Guðný Alma Haraldsdóttir
Hulda Margrét Birkisdóttir
Margrét Björk Daðadóttir
Ragna Bjarnadóttir
Ragnhildur Jóhanna Júlíusdóttir

TENÓR

Bjarki Ármannsson
Georg Haney
Guðmundur Alfreðsson
Hans Júlíus Þórðarson
Heimir Þór Kjartansson
Magnús Pétursson
Þengill Ólafsson

BASSI

Alain Corbeau
Björn Bjarnsteinsson
Ívar Vincent Smárason
Magnús Ragnarsson
Oddgeir Páll Georgsson
Orri Jónsson
Sigurjón Halldórsson

Magnús Ragnarsson
kórstjóri

Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
koncertmeistari
Una Sveinbjarnardóttir
Gerður Gunnarsdóttir
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Joanna Bauer
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Andrzej Kleina

2. FIDLA

Anton Miller
Gunnhildur Daðadóttir
Justyna Bidler
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Guðbjartur Hákonarson

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Þórhildur Magnúsdóttir
Svava Bernharðsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Júlía Mogensen
Helga Björg Ágústsðóttir
Urh Mrak
Þórdís Gerður Jónsdóttir

BASSI

Harold Robinson
T.C. Fitzgerald
Jonathan Yeoh
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan

FLAUTA

Thomas Hancox
Áshildur Haraldsdóttir
Kristín Ýr Jónsdóttir
Steinunn Vala Pálsdóttir

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau
Eydís Lára Franzdóttir

KLARINETT

Grímur Helgason
Auður Edda Erlendsdóttir
Baldvin Ingvar Tryggvason
Birkir Örn Hafsteinsson

FAGOTT

Louisa Slosar
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason
Ole Kristian Dahl

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzek
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Yi-Ling Shih
Johannes Hinterholzer
Frank Hammarin
Erling Róbert Eydal

TROMPET

Robby Garrison
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Ingibjörg Ragnheiður Linnet

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

EUPHONIUM

David Whitehouse

TÚBA

Oren Marshall

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Waage

PIÁNÓ

Liam Kaplan

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Marco Santos
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Helgi Þorleiksson
Kjartan Guðnason
Emil Þorri Emilsson
Þorvaldur Halldórsson
Magnús Már Newman
Pétur Grétarsson

Aðstoðarmarður Evu Ollikainen
Rasmus Hella Mikkelsen

Píanóstillir
Sigurður Kristinsson

Blómaskreytingar
Ragnhildur Fjeldsted



Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
konserntmeistari
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Jensdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Laura Liu
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Zbigniew Dubik

2. FIÐLA

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Greta Guðnadóttir
Hekla Finnsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Justyna Bidler
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólóf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Laus staða
Laus staða

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Porfiris
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Laus staða

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Laus staða
Áshildur Haraldsdóttir
Laus staða

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Laus staða
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Laus staða

TROMPET

Laus staða
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson
David Bobroff, *bassabásúna*

TÚBA

Nimrod Ronli

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ

Liam Kaplan

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri
Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðsmaður

STJÓRN

Sigurður Hannesson
formaður
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

Eva Ollikainen
Aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi
Vladimir Ashkenazy
Aðalheiðursstjórnandi
Osmo Vänskä
Heiðursstjórnandi
Anna Þorvaldsdóttir
Listamaður í samstarfi
Daníel Bjarnason
Listamaður í samstarfi
Ólafur Kjartan Sigurðarson
Staðarlistamaður starfsársins

DARRAÐARLJÓÐ

Vítt er orpit
fyr valfalli
rifs reiðiský;
rignir blóði.
Nú er fyr geirum
grár upp kominn
vefr verþjóðar,
þær er vinur fylla
rauðum vepti
Randvés bana.

Sjá er orpinn vefr
ýta þörmum
ok harðkléaðr
þörmum manna
— eru dreyrrekin
dörr at sköptum,
íárnvarðr yllir —
en örum hrælaðr;
skulum slá sverðum
sigrvef þenna.

Gengr Hildr vefa
ok Hjörþrimul,
Sanngriðr, Svípul
sverðum tognum.
Skapt mun gnesta,
skjöldr mun bresta,
mun hjálmgagarr
í hlíf koma.

Vindum, vindum
vef darraðar,
þann er ungr konungr
átti fyrri.
Fram skulum ganga
ok í fólk vaða,
þar er vinir órir
vápnum skipta.

Vindum, vindum
vef darraðar
ok siklingi
síðan fylgjum.
Þar sjá bragna
blóðgar randir
Gunnr ok Göndul,
þær er grami fylgdu.

Vindum, vindum
vef darraðar,
þar er vé vaða
vígra manna.
Látum eigi
líf hans farask;
eigu valkyrjur
vals of kosti.

Þeir munu lýðir
löndum ráða,
er útskaga
áðr of byggðu.
Kveð ek ríku gram
ráðinn dauða;
nú er fyr oddum
jarlmaðr hniginn.

Ok munu Írar
angr of bíða,
þat er aldri mun
ýtum fyrnask.
Nú er vefr ofinn
en völlr roðinn;
munu of lönd fara
læspjöll gota.

Nú er ógurligt
um at lítask,
er dreyrugt ský
dregr með himni;
mun lopt litat
lýða blóði,
er sóknvarðar
syngja kunnu.

Vel kváðum vér
of konung ungan
sigrhljóða fjöld,
syngjum heilar,
en hinn nemi
er heyrir á
geirfljóða hljóð
ok gumum segi.

Ríðum hestum
hart út berum
brugðnum sverðum
á brautu héðan.

Var ek þars bragnar börðusk;
brandr gall á Írlandi;
margr, þars mættusk törgur,
málmr gnast í dyn hjálma.
Sókn þeirra fráknarþa;
Sigurðr fell í dyn vigra,
áðr téði ben blæða;
Bríánn fell ok hélt velli.

Síðasta vísan er stök og ekki hluti
Darraðarljóða en er, eins og þau,
tilfærð í lok *Njáls sögu*.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónlistarveisla með Barböru Hannigan

5. JÚNÍ | KL. 19:30

Á þessum tónleikum býður Barbara Hannigan upp á efnisskrá þar sem gleði og húmor eru við stjórnvölinn. Við heyrum tónlist eftir Aaron Copland, Joseph Haydn, Jacques Offenbach og tónleikunum lýkur á tveimur ómótstæðilegum sönglögum Kurts Weill. Hannigan kom fyrst fram með hljómsveitinni árið 2022 og mun taka við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2026.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS

Á döfinni



13.03 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

Suðræn veisla

Páll Palomares, leiðari 2. fiðlu Sinfóníuhljómsveitar Íslands leikur hina lífsglöðu *Symphonie espagnole* eftir Édouard Lalo á þessum fjölbreyttu tónleikum, sem litaðir eru hlýjum suðrænum tónum. Tvær svítur úr balletinum *El sombrero de tres picos*, eftir Manuel de Falla ásamt forleik eftir Loise Farrenc verða einnig á dagskránni. Stjórnandi er Juanjo Mena.



20.03 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

Arvo Pärt sinfóniúr

Árið 2025 fagnar Arvo Pärt níráðisafmæli og af því tilefni flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands allar fjórar sinfóníur hans á einum tónleikum, undir stjórn Evu Ollikainen aðalhljóm-sveitarstjóra. Eins og tónskáldið sjálf hefur sagt er sérhver af sinfóníunum fjórum eins og heimur út af fyrir sig. Hér gefst einstakt tækifæri til að hlýða á þær allar.



21.03 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00

Herdís Anna og sellódeildin

Á þessum tónleikum í Föstudagsröðinni sameina selló-deild Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hin margverðlaun-aða sópransöngkona Herdís Anna Jónasdóttir krafta sína í heillandi og litríkri efnisskrá þar sem íslensk og suður-amerísk tónlist mætast. Verkin sem hljóma eru eftir Villa-Lobos, Þórð Magnússon, Astor Piazzolla, Magnús Blöndal Jóhannsson.



27.03

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

Prokofiev og Tsjaikovskíj

Það er kínverskbandaríski píanóleikarinn Claire Huangci sem flytur okkur píanókoncert nr. 3 eftir Prokofiev á þessum tónleikum en hún kemur hér fram í annað skiptið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Sjötta sínfónía rússneska tónskáldsins Pjotr Tsjaikovskíjs, er ástríðuþrungið og tregafullt tónverk sem lætur engan ósnortinn. Hljóm-sveitarstjóri á tónleikunum er David Danzmayr.



03.–04.04

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30

Óperuveisla með Ólafi Kjartani og gestum

Ólafur Kjartan Sigurðarson, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, býður til sannkallaðrar veislu – þetta er óperugala af bestu gerð þar sem glæsilegir gestir, söngvararnir Kristín Anna Guðmundsdóttir, Gunnar Björn Jónsson og Kristín Sveinsdóttir bregða sér í hin ýmsu hlutverk og syngja með Ólafi og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Um tónsprotann heldur Bjarni Frímann Bjarnason.



10.04

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

Draumórasinfónían

Austurríski fiðluleikarinn Rainer Honeck leikur hinn framsækna og hrífandi fiðlukonsert Alban Bergs á þessum draumkenndu tónleikum. Það er Bertrand de Billy, fyrrum aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem stýrir hljómsveitinni og lýkur þeim á hinni spennuþrungnu og ævintýralegu Draumórasinfóníu eftir Hector Berlioz, sem sannarlega er eitt af höfuðverkum rómantíkurinnar.

